

Ed.

#### **141. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun æðarfugls.

Frá G. Björnssyni.

1. Við 1. gr.

a) Framan við greinina komi:

»Æðarfugl skal friðaður á öllum tímum árs. Þó er heimilt að veiða æðarblika frá 15. júlí til 15. september.

b) Fyrir »50--100« komi 5.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ef æðarvarp er á leigujörð, má leiguliði ekki selja eða gefa æðaregg nema landsdrottinn leyfi, og varðar 25—100 kr. sekt, ef út af er brotið.

3. Við 3. gr. Greinin falli burtu.

4. Við 4. gr. Greinin falli burtu.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 15. apríl til júlímánaðarloka má enginn, nema nauðsyn beri til, skjóta af fallbyssu nær friðlýstu æðarvarpi en nemi 4 röstum.

Á sama tíma má enginn skjóta af smábyssum, án leyfis varpeiganda, nær friðlýstu varpi hans en nemi 2 röstum.

6. Við 6. gr. Fyrir » $\frac{1}{2}$  km.« komi: Nemi  $\frac{1}{2}$  röst.

7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Ef jarðir í grend við varpjörð eiga fuglaveiðirjett nær æðarvarpinu en nemi 2 röstum, eða netveiðirjett nær en nemi  $\frac{1}{2}$  röst, og bannar varpeigandi landsetum veiðina, þá er hann skyldur að bæta þeim það tjón, er þeir bíða af veiðibanni hans.

Nú verða þeir eigi ásáttir varpeigandi og nágranni hans, sem bóta krefur, og skulu þeir þá leggja málið í gerð, og nefni sinn mann hvor þeirra, og skulu báðir aðilar una því, er þeir menn gera. Ef gerðarmenn verða ekki samdóma skal lögreglustjóri nefna oddamann.